

dómslögmaður eigi hafa haft umboð til að taka við stefnu á hendur Sigurjóni Sigurðssyni. Verður því að frávísa málinu frá Hæstarétti, sbr. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er frávísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1967.

Nr. 143/1965. M (Sigurður Ólason hrl.)

gegen

K (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s. á. Hann krefst þess aðallega, að honum verði dæmd alger sýkna af kröfum stefnda, en til vara, að úrslit málsins verði lätin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur að öðru leyti en því, að henni verði veitt gjafsókn í héraði og málskostnaður þar henni til handa verði hækkaður. Þá krefst stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti,

málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Seyðisfjarðar með stefnu 20. nóvember 1958 og dæmt þar 11. apríl 1959. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 23. júní 1961 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Var málið síðan rekið fyrir bæjarþingi Seyðisfjarðar og dómur þar kveðinn upp í því af nýju 19. september 1964.

Barn það, sem mál þetta er af risið, er fætt 18. febrúar 1957, og staðhæfir stefndi, að ekki sé öðrum til að dreifa um faðerni barnsins en áfrýjanda, enda kveðst hún ekki hafa haft samfarir við nokkurn annan karlmann en hann á árinu 1956. Segir hún hann hafa komið flugleiðis til Seyðisfjarðar um 20. maí 1956 og að þau hafi haft fullkomnar samfarir saman um 4 til 5 dögum síðar og svo í nokkur skipti eftir það, m. a. eftir dansleik, sem haldinn var í barnaskólahúsinu á Seyðisfirði sunnudaginn 3. júní 1956.

Áfrýjandi kveðst hafa farið á vertíð á Suðurlandi í janúar-byrjun 1956 og verið þar óslitið til 1. eða 3. júní sumarið eftir, að hann hafi farið til Seyðisfjarðar, en samkvæmt vottorði Flugfélags Íslands, dags. 1. desember 1958, var áfrýjandi hinn 19. maí 1956 farþegi með flugvélinni Snæfaxa frá Reykjavík til Egilsstaða. Viðurkennir áfrýjandi að hafa í eitt skipti seinni hluta júnímánaðar 1956 haft samfarir við stefnda að afloknum dansleik, sem haldinn hafi verið í barnaskólahúsinu á Seyðisfirði, að því er hann telur, en neitar að hafa í annan tíma haft samfarir við hana. Kveður hann tvo menn, búsetta á Seyðisfirði, D verkamann, . . . , og E sjómann, . . . , hafa tjáð sér, að þeir hefðu haft samfarir við stefnda. Ber D fyrir dómi, að hann hafi nokkrum sinnum sumarið 1955 haft samfarir við hana, og E ber, að hann hafi nokkrum sinnum haft samfarir við hana, en þó aldrei á árinu 1956. Þá kveðst G, . . . á Seyðisfirði, oft hafa haft samfarir við stefnda, eftir að hún ól barn það, sem mál þetta

er af risið, en hún kveður framburði þessa ranga, enda hafi hún aldrei haft samfarir við menn þessa.

Eftir að héraðsdómur var kveðinn upp í máli þessu 19. september 1964, hefur verið gerð rannsókn á blóði úr áfrýjanda, og segir svo í vottorði Rannsóknarstofu Háskólans, dags. 25. febrúar 1967, um rannsókn þessa:

„Niðurstaðan varð sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
M, . . . , Seyðisfirði . .	A ₁	MN	+	+	÷	+	+

Með rannsókn þessari, sem fullkomlega er í samræmi við áður gerða flokkun á blóði M, er því ekki unnt að útiloka hann frá faðerni drengsins, A, f. 18/2 1957, sonar K, sbr. meðfylgjandi afrit af bréfi til bæjarfógetans á Seyðisfirði, dags. 19. febr. 1959“.

Héraðsdómari leitaði umsagnar Kjartans Ólafssonar læknis um það, hvort barn stefnda, sem mál þetta fjallar um, hafi verið fullburða við fæðingu, og segir svo í umsögn læknsins, dags. 27. nóv. 1958:

„Ég hef kynnt mér hjá ljósmóður Seyðisfjarðar, frk. Línéik Gísladóttur, það, sem bókað var um þroska barnsins við fæðingu, en þar er að finna aðeins tvennt, sem styðjast má við, en það er þyngd barnsins, sem var samkvæmt bókun 3.900 gr. og lengd 52 cm við fæðingu. Ýmislegt fleira er haft til hliðsjónar, þegar kveða skal á um það, hvort barn er fullburða eða fyrirburður, svo sem skírnarhár (lænugo), fósturforði (verrins caseosa), holdfylli á limum, hrukkur á andliti, hár og hárалengd á höfði, lengd á nögnum, beinmyndun o. fl.

Þar sem svo margt vantar, sem stuðzt er við, þegar ákveða skal, hvort barn er fullburða, verður ekki sagt með vissu, hvort A hafi verið fullburða eða ekki. En ef litið er á lengd hans við fæðingu, 52 cm, þá er hún yfir meðallengd fullburða barns. Þyngdin mun einnig vera vel í meðallagi. Meðgöngutíminn eða dagafjöldinn, frá því frjóvgun á sér stað, og þar til fæðingu er lokið, mun oftast vera um 270 dagar, þegar um fullburða barn er að ræða, en ekki er hægt að slá

neinu föstu um það, því að dæmi eru talin til þess, að eðli-
legur meðgöngutími geti verið allt frá 240—310 dagar.

Niðurstaða: Með hliðsjón af lengd og þyngd barnsins mætti
álykta, að það hafi fæðst fullburða“.

Að því virtu, er að framan greinir, og að öðru leyti með
skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að
staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að málskostnaður
í héraði ákveðst kr. 11.500.00, er renni í ríkissjóð, en stefnda
ber samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 gjafsókn í héraði,
og skal málflutningsþóknun skipaðs talsmanns hennar í
héraði, Benedikts Sigurjónsson, þá hæstaréttarlögmans, kr.
7.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Áfrýjandi greiði málskostnað í Hæstarétti, kr. 7.000.00, er
renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæsta-
rétti, kr. 7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti
en því, að málskostnaður í héraði, kr. 11.500.00, renni í
ríkissjóð og að málflutningslaun skipaðs talsmanns
stefnda, K, í héraði, Benedikts Sigurjónssonar, þá hæsta-
réttarlögmans, kr. 7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr.
7.000.00, er renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir
Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmans, kr.
7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 19. september 1964.

Ár 1964, laugardaginn 19. september, var á bæjarþingi Seyðis-
fjarðar kveðinn upp dómur í málinu nr. 1/1964: K gegn M.

Fulltrúi bæjarfógeta, Ólafur Björnsson, kvað upp dóm þennan.
Málið var dómtekið 3. september 1964.

Það er höfðað af K, Seyðisfirði, með stefnu, útgefinni 13. apríl 1964, á hendur M, Seyðisfirði. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur faðir að barni því, sem stefnandi ól hinn 18. febr. 1957 og skírt var A, enda verði stefndi dæmdur til greiðslu fæðingarstyrks og tryggingargjalds stefnanda fyrir árið 1957 svo og meðlags með barninu til fullnaðs 16 ára aldurs og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareyður í málinu.

Stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðuneytisins 19. marz 1964 fengið leyfi til málshöfðunar samkvæmt heimild í 6. mgr. 211. greinar laga nr. 85/1936, þótt meira en tvö ár séu liðin frá fæðingu barnsins A, með því skilyrði, að stefna verði tekin út fyrir 1. maí 1964. Stefna er gefin út 13. apríl 1964 og málið þingfest 24. apríl 1964.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 18. febr. 1957 ól stefnandi, K, sveinbarn, er skírt var A. Föður að barni þessu lýsir hún M, stefnda í máli þessu. Barnið vó við fæðingu 3.900 grömm og var 52 cm á lengd. Miðað við, að meðgöngutími geti verið 240—310 dagar, en meðalmeðgöngutími er talinn sem næst 270 dagar, getur barnið verið komið undir í fyrsta lagi 14. apríl 1956, en í síðasta lagi 19. júní 1956.

Stefnandi, K, hefur í skýrslu fyrir dómi skýrt svo frá, að um 4—5 dögum eftir 20. maí 1956 hafi hún haft fullkomnar samfarir við stefnda að kvöldlagi heima hjá stefnda, og kveðst hún vera viss um, að sæði úr stefnda hafi farið inn í sig. Þá kveðst hún hafa haft samfarir við stefnda nokkrum sinnum eftir þetta og tiltekur eitt skipi eftir dansleik í barnaskólanum á Seyðisfirði að kvöldi hins 3. júní 1956, er hún hafði fullkomnar samfarir við stefnda, án þess að hann notaði getnaðarverjur eða ryfi samfarirnar. Þá hefur hún eindregið mótmælt því að hafa haft samfarir við nokkurn annan mann á þessu tímabili, þ. e. á hugsanlegum getnaðartíma barnsins.

Stefndi hefur mótmælt því, að hann geti verið faðir að barni stefnanda. Hins vegar hefur hann viðurkennt fyrir dómi, að hann hafi haft samfarir við stefnda eftir dansleik í barnaskólanum á Seyðisfirði einhvern tíma í júní 1956 og hafi hann þá verið ölvaður, en samfarirnar áttu sér stað heima hjá stefnda. Stefndi hefur ekki borið við í þessu sambandi, að hann hafi notað getnaðarverjur eða rofið samfarirnar.

Blóðflokkun málsaðilja og barns stefnanda hefur verið framkvæmd, og eru niðurstöður þessar:

	Aðalf.	Undirfl.	C	D	E	C
M	A ₁	MN	+	+	÷	+
K	O	MN	+	+	+	+
A	A ₁	MN	÷	÷	÷	+

Samkvæmt þessu er ekki útilokað, að stefndi geti verið faðir að barninu A.

Samkvæmt því, er rakið er hér að framan, verður að telja sannað, að málsaðiljar hafi haft samfarir á hugsanlegum getnaðartíma barnsins A. Hins vegar eru engar sönnur færðar að því, að nokkur annar maður hafi haft samfarir við stefnanda á getnaðartíma barnsins, enda hefur hún sjálf mótmælt því eindregið. Af þessum sökum svo og með hliðsjón af niðurstöðu blóðrannsóknar er ekki hægt að taka til greina réttarkröfur stefnda, hvorki aðalkröfu né varakröfu.

Niðurstaða máls þessa verður því, að stefndi verður að teljast faðir að barninu A, er stefnandi ól hinn 18. febrúar 1957, og að réttarkröfur stefnanda verða einnig teknar til greina að öðru leyti.

Í sambandi við ákvörðun málskostnaðar þykir þóknun til lögmanns stefnanda hæfilega ákveðin kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Stefndi, M, skal teljast faðir barnsins A, sem stefnandi, K, ól 18. febrúar 1957. Stefndi greiði stefnanda fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1957 svo og meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.500.00 í málskostnað, þar með talin þóknun lögmanns stefnanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.